



LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI



Stefna – markmið - aðgerðir

Stefnumörkun lögreglunnar á Austurlandi árið 2020

Samantekt og ábyrgð

Inger L. Jónsdóttir, lögreglustjóri

Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Markmið.....	3
3.	Hugmyndafræði	3
4.	Framtíðarsýn	3
5.	Stefna / áherslur	4
5.1.	Samvinna og samskipti.....	4
	Samvinna út á við.....	4
	Samvinna inn á við.....	4
5.2.	Afbrot og verkefni	4
	Umferðarmál	4
	Fíkniefnamál	4
	Útlendingamál.....	4
	Heimilisofbeldi	4
	Óhöpp / náttúruvá	5
5.3.	Innra starf	5
6.	Aðgerðaráætlun og önnur markmið / mæling.....	6
7.	Eftirfylgni /umbætur	8
8.	Tölfræði – Þróun brota og verkefna á Austurlandi frá árinu 2015 til 2019 (Bráðabirgðatölur fyrir árið 2019)	9



LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

1. Inngangur

Lögreglan á Austurlandi birtir hér stefnumörkun til næstu tólf mánaða sem gefin er út í fyrsta sinn. Tilgangurinn er að styrkja starfsemi embættisins með því að gera áherslur þess, stefnu og markmið almennt aðgengileg.

Við vinnuna var tekið mið af löggæsluáætlun stjórnvalda fyrir árin 2019 til 2023 auk þess sem litið var til þróunar brota og verkefna í umdæminu síðustu ár sem og til sjónarmiða lögreglumanna á svæðinu um það sem brýnast þætti. Þá voru drög að stefnumörkuninni kynnt sveitarstjórnnum í umdæminu sem komu sínum áherslum að og höfðu áhrif á endanlega útgáfu.

Stefnumörkunin birtist hér í einfaldri mynd en gefur vonandi góða yfirsýn yfir helstu áherslur og markmið lögreglunnar á Austurlandi.

Um tilraunaverkefni er að ræða og metið að ári liðnu hvernig til hefur tekist.

2. Markmið

Lögreglan stefnir að aukinni þjónustu við íbúa með markvissum aðgerðum til fækkunar brota og slysa. Þannig nái hún því lykilmarkmiði að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa og þeirra sem starfa og dvelja í umdæminu.

3. Hugmyndafræði

Lögreglan telur að með áherslu á innra starf, sem og með

- markvissu samstarfi við stofnanir og íbúa á svæðinu,
- faglegri tölfraðilegri greiningu á tíðni og umfangi brota og stöðu verkefna,
- auknum sýnileika og
- aukinni frumkvæðisvinnu í umferðarmálum og öðru eftirliti sem lögreglu heyrir til

megi enn auka gæði löggæslunnar og þjónustu við íbúa og ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

4. Framtíðarsýn

Að lögreglan á Austurlandi verði ávallt tilbúin að takast á við þau verkefni sem upp kunna að koma af styrk, fagmennsku og innan tímamarka þannig að þjónusta hennar verði hnökralaus og af bestu gæðum.

5. Stefna / áherslur

5.1. Samvinna og samskipti

Samvinna út á við

Lögregla lítur á það sem forgangsatriði að tryggja samvinnu við lykilstofnanir og hagsmunaðila. Þar er átt við stjórnendur sveitarfélaga á svæðinu, félagsþjónustu og barnavernd en einnig slökkvilið í ljósi aðstæðna og nátturvár hvers konar, Landsbjörg, Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Vegagerð og Rauða krossinn.

Þá stefnir hún að auknu samstarfi og samtali við íbúa á svæðinu, til að mynda með útgáfu stefnumörkunar sem þessarar og reglulegra upplýsingamiðlunar um stöðu mála á heimasíðu lögreglu, á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.

Samvinna inn á við

Stefnt er að því að auka upplýsingamiðlun innan stofnunarinnar þannig að lögreglumenn verði á hverjum tíma vel upplýstir um það sem efst er á baugi bæði innan stofnunar og utan.

Leiðarljós í samskiptum er virðing, trúnaður, kurteisi og heiðarleiki.

5.2. Afbrot og verkefni

Umferðarmál

Stefnt er að því að fækka umferðarslysum með auknum sýnileika og afskiptum, þar á meðal að leggja aukna áherslu á öryggismál eins og vanrækslu á notkun bílbelta, notkun snjalltækja við akstur og lögbundna skoðun ökutækja. Þá er áhersla lögð á að upplýsa á heimasíðu meðal annars og á samskiptamiðlum um verkefni lögreglu.

Fíkniefnamál

Stefnt er að því með öflugri greiningarvinnu að auka eftirlit og afskipti vegna fíkniefnabrota og efla þannig forvarnir. Þá er stefnt að aukinni notkun fíkniefnaleitarhunds embættisins hvort heldur við landamæraeftirlit eða þar sem grunur leikur á broti.

Útlendingamál

Stefnt er að auknu eftirliti með dvalar- og atvinnuréttindum útlendinga, með vinnustaðaeftirliti meðal annars auk öflugs landamæra- og öryggiseftirlits í tengslum við ferjusiglingar.

Heimilisofbeldi

Stefnt er að aukinni markvissri kynningu til íbúa um samstarfsverkefni lögreglu og sveitarfélaga um aðgerðir vegna heimilisofbeldis og hvaða aðstoð þolendum og gerendum stendur til boða.

Óhöpp / náttúruvá

Stefnt er að aukinni samvinnu við samstarfsaðila er koma að málum þegar óhöpp verða eða náttúruvá, með því m.a að koma á reglulegum fundum þar sem aðilar kynnast, ráða ráðum og miðla upplýsingum.

5.3. Innra starf

Stefnt er að því að styrkja innra starf lögreglu með það að markmiði að viðhalda og efla enn góðan starfsanda, að þetta hópinn til að mynda með því að skipuleggja viðburði og samskipti innan vinnutíma og utan.

Áhersla verði lögð á að taka vel á móti nýliðum með góðri kynningu á starfseminni, embættinu og vinnuumhverfinu.

Áhersla verði lögð á þjálfun lögreglumanna, svo sem sjálfsvarnar og handtökuæfingar, skyndihjálp, skotþjálfun og samvinnu við slökkvilið og sjúkraflutningamenn. Lögreglumenn eigi kost á að sækja sér viðbótarmenntun í sínu fagi, hvort heldur innan lögreglu í Mennta- og starfsþróunarsetri (MSL) eða utan.

Stefnt er að aukinni samvinnu milli starfsmanna á starfsstöðvum á svæðinu, en þær eru sex talsins.

Áhersla verði lögð á skýra verkferla og verklag þannig að allir starfi eins að sambærilegum málum.

Áhersla verði lögð á skýr mælanleg markmið og hvetjandi framsetningu.

Áhersla skal lögð á að tryggja að þjónustustig lögreglu verði sem jafnast fyrir alla íbúa Austurlands.

6. Aðgerðaráætlun og önnur markmið / mæling

- a. Lögreglan stefnir að aukinni þjónustu við íbúa með það að lykilmarkmiði að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa sem og þeirra sem starfa og dvelja í umdæminu.

Þjónusta – öryggi	Mæling
Lögregla stefnir að því að veita þeim sem búa, starfa og dvelja í umdæminu bestu mögulegu þjónustu í samræmi við hlutverk hennar og áherslur og auka þannig ánægju íbúa með störf lögreglu Þannig setur hún markmið um að hlutfall þeirra sem telja lögreglu skila góðu starfi verði ekki undir 85%	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Íslands til þjónustu og starfa lögreglu / Ríkislögreglustjórinn
Lögregla stefnir að því með störfum sínum að tryggja öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa starfa og dvelja í umdæminu. Þannig setur hún markmið um að hlutfall þeirra sem telja sig mjög eða frekar örugga í umdæminu verði ekki undir 90%	Polendakönnun lögreglu (Reynsla landsmanna af afbrotum og öryggistilfinning íbúa /Ríkislögreglustjórinn.)

- b. Lögreglan stefnir að auknu samstarfi við íbúa, stofnanir og félagasamtök að upplýsingamiðlun og –öflun.

Samstarf	Mæling
Stefnt er að markvissu samstarfi við stofnanir á svæðinu og félagasamtök. (Sveitarstjórnir, barnavernd og félagsþjónusta, almannavarnir; slökkvilið, Landsbjörg, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Vegagerð og Rauði krossinn.)	Metið meðal samstarfsaðila hvernig til hefur tekist. Litið verði meðal annars til fjölda funda og hverju þeir hafi skilað. (Matið skal gert í janúar ár hvert og formlegri niðurstöðu skilað til lögreglustjóra.)

- c. Lögreglan stefnir að öflugri greiningarvinnu á þróun brota og verkefna með það að markmiði að gera alla vinnu hennar í kjölfarið betri og markvissari.

Greining og skráning brota og verkefna	Mæling
Fylgst verði markvisst með tegund og tíðni hegningarlaga brota eins og auðgunarbrota, eignaspjalla og ofbeldisbrota (Stefnt að fækkun hegningarlaga brota um 3% miðað við meðalfjölda brota síðastliðin fimm ár.)	Lögreglukerfið LÖKE
Fylgst verði með þróun skráðra umferðarslysa. (Stefnt að fækkun skráðra umferðarslysa um 5% miðað við meðalfjölda slysa síðastliðin fimm ár.)	Lögreglukerfið LÖKE

Fjöldi heimilisofbeldismála, en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi með aukinni kynningu lögreglu og sveitarfélaga til íbúa um samstarfsverkefni þessara aðila og aukna þjónustu og aðstoð til þolenda og gerenda	Lögreglukerfið LÖKE
Hlutfall barna og ungmenna sem segjast hafa notað vímuegjafa fari ekki hækkandi milli ára	Rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining (R&G)

- d. Lögregla stefnir að auknum sýnileika, hvort heldur við verkefni sem hún sinnir í samræmi við hlutverk sitt, áherslur og stefnu, eða með auknum sýnileika í fjölmiðlum og á net- og samfélagsmiðlum þar sem hún gerir grein fyrir verkefnum er hún sinnir og áherslum hverju sinni.

Sýnileg löggæsla	Mæling
Að auka sýnileika lögreglu og nálægð við íbúa með auknu eftirliti almennt, sérstaklega við skóla og á fjölförnum vegum og vegarköflum þar sem slys hafa verið tíð	Skráning í LÖKE, „sýnilegt eftirlit“
Reglulegar upplýsingar um áherslur lögreglu hverju sinni og þróun brota og verkefna skráðar reglulega á vefmiðla lögreglu, eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. (Heimasíða og samfélagsmiðlar.)	Fjöldi skráninga lögreglu á netmiðla í tengslum við þetta verkefni
Að hlutfall íbúa sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl á sínu svæði oftast en einu sinni í viku samkvæmt viðhorfskönnun, verði ekki undir 55%	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Íslands til þjónustu og starfa lögreglu

- e. Lögregla stefnir að aukinni frumkvæðislöggæslu þar sem áherslan er m.a. lögð á umferðareftirlit, fíkniefnamál, landamæragæslu og eftirlit með dvalar- og atvinnuréttindum útlendinga.

Frumkvæðislöggæsla	Mæling
Gert ráð fyrir 3% fjölgun skráðra umferðarlagabrota frá árinu 2019	Lögreglukerfið LÖKE

Gert ráð fyrir 3% fjölgun skráðra fíkniefnabrota miðað við meðalfjölda brota síðastliðin fimm ár	Lögreglukerfið LÖKE
Aukin landamæragæsla og öryggiseftirlit á landamærum. (Fjöldi skráðra lögglumanna sem sinnir landamæragæslu og öryggiseftirliti hverju sinni / fjöldi tilvika.)	Lögreglukerfið LÖKE
Aukið eftirlit með dvalar- og atvinnuréttindum útlendinga	Lögreglukerfið LÖKE


7. Eftirfylgni /umbætur

Lögreglan stefnir að því að kynna megin niðurstöður er varða þróun brota og valinna verkefna sem nefnd eru í kafla sex hér að framan, á heimasíðu lögreglu, samfélagsmiðlum og fjölmiðlum í byrjun næsta árs.


Lögregla mun og freista þess í ársbyrjun 2021 að hitta samstarfsaðila með það að markmiði að fara yfir og bæta það sem betur má fara og efla það sem vel er gert. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í febrúar.

Þá mun umbótagópur, sem allir starfandi lögglumenn á svæðinu heyra til, koma saman eigi síðar en í febrúar á næsta ári og rýna stefnumörkunina með það að markmiði að meta hvernig til tókst og ákveða næstu skref.


8. Tölfræði – Þróun brota og verkefna á Austurlandi frá árinu 2015 til 2019 (Bráðabirgðatölur fyrir árið 2019¹)



Skráðum hegningarlagabrotum fjölgaði um 27% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára. Skýrist það helst af aukningu í skráðum eignaspjöllum og ofbeldisbrotum.




Skráðum ofbeldisbrotum fjölgaði um 32% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára. Hluti skýringarinnar felst í fjölgun skráðra heimilisofbeldismála.




Skráðum eignaspjöllum fjölgaði um 103% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.


¹ Tölur frá janúar 2020




Skráðum umferðarlagabrotum fjölgaði um 42% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.




Skráðum hraðakstursbrotum fjölgaði um 58% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.




Skráðum brotum vegna ölvunaraksturs fjölgaði um 7% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.




Skráðum brotum vegna fíkniefnaakstur fjölgaði um 84% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.




Skráðum brotum vegna sviptingaraksturs og réttindaleysi fjölgaði um 22% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.




Skráðum brotum vegna farsímanotkunar við akstur fjölgaði um 191% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.




Skráðum brotum vegna vanrækslu á notkun bílbelta fækkaði um 1% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára. Þeim fækkar hinsvegar frá síðasta ári.




Skráðum brotum vegna lagningar ökutækis fjölgaði um 95% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.




Skráðum brotum vegna fíkniefnamisferlis fjölgaði um 104% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.



Skráðum brotum vegna heimilisófriðar, (ágreiningur / heimilisófbeldi) fjölgaði um 37% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.




Skráðum verkefnum, “sýnilegt eftirlit”, fjölgaði um 20% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.



Skráðum umferðarslysum/meiðslum fækkaði um 37% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára. Hafa skráð umferðarslys samkvæmt þessum bráðabirgðatölum ekki verið færri frá árinu 2006, þangað sem tölur þessar ná til.²

² Tölur RLS fyrir árin 2015-2018



Skráðum brotum og verkefnum hjá lögreglu fjölgaði um 39% árið 2019 samanborið við meðaltal síðustu fjögurra ára.